



Kópavogur 21.03.2019

Velferðarnefnd Alþingis,
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, (stofnanir á málefna sviði félags- og barnamálaráðherra), 495. mál.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins gerir eftirfarandi tillögu að breytingu á 14. og 15. gr. í IX. KAFLA frumvarpsins:

14. gr. breytist og hljóði svo: Við 4. mgr. 6. gr. laganna bætist: „og mat á stuðningsþörfum fatlaðs fólks í einstökum sveitarfélögum og þjónustusvæðum fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. **Afhenda má sjóðnum ópersónugreinanleg gögn sem honum eru nauðsynleg til að rækja hlutverk sitt skv. lögum nr. 4/1995.**“

15. gr. liður a. breytist og hljóði svo: „Á undan orðinu „varðveislu“ í 1. málsli. 2. mgr. kemur: vinnslu og. Í stað orðanna „og lögum um heilbrigðisstarfsmenn“ kemur: lögum um réttindi sjúklinga, lögum um heilbrigðisstarfsmenn, **lögum um sjúkraskrár** og lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Greinargerð: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins heldur sjúkraskrár, einkum vegna hlutverks síns skv. 6. tölul. 2. gr. laga nr. 83/2003. Jafnframt má benda á að í frumvarpi til laga um stofnunina sem lagt var fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002 – 2003, kemur fram í athugasemdum um 2. mgr. 7. gr. að: „...greiningarskýrslur og vinnugögn, sem sérfræðingar Greiningar- og ráðgjafarstöðvar varðveita, hafa að geyma upplýsingar um ástand hins fatlaða og aðstæður hans í þjóðfélaginu. Svipar þessum gögnum að eðli og innihaldi svo verulega til sjúkraskýrsla að ástæða er talin til að um varðveislu þeirra og veitingu upplýsinga úr þeim gildi sömu reglur og um sjúkraskrár.“ Það er því lagt til að lögum um sjúkraskrár verði bætt inn í lögin.

Að öðru leiti gerir stofnunin ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,
f.h. Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins,

Soffía Lárusdóttir, forstöðumaður